Jólaborgin 2026

Umhverfis og skipulagsráð 11. nóvember 2026



Rebekka Guðmundsdóttir Deildarstjóri
Deild borgarhönnunar
Björg Jónsdóttir Sviðsstjóri
Skrifstofa borgarlands

TÍMALÍNA

09.nóv
uppsetning á jólamarkaði í Pósthússtræti hefst

14.nóv
Öll jólaljós kveikt í miðborginni

14.nóv
Kveikt á ljósum jólakattarins (viðburður)

14.nóv
Gróðurhúsið á Lækjartorgi komið í jólabúning

14.nóv
jólamarkaður opnar. Opin um helgar

20.nóv
Jólasvellið á Ingólfstorgi opnar

28.nóv
Kveikt á ljósunum á Oslóartrénu á Austurvell (viðburður)

2.des
Jólavættir birtast á veggjum í miðborginni og pop-up viðburðahald hefst

2.des
Jólaskógurinn í Ráðhúsinu opnar

16.des
Jólatréssala Skógræktar Reykjavíkur opnar á Lækjartorgi

17.des
Afhending viðurkenninga fyrir bestu jólaskreytingar í miðborginni

23.des
Þorláksmessa, götulokanir og Friðarganga

JÓLA SKREYTINGAR

- Uppsetning og undirbúningur jólaskreytinga fyrir miðborgina hefst í september hvert ár.
- Viðbætur í jólalýsingu á hverju ári!
- Í heild erum við með yfir 25 km af jólaseríum!





JÓLA MARKAÐURINN

Jólamarkaður verður í Pósthússtræti, við Austurvöll í þriðja sinn.

Um 15 söluaðilar bjóða uppá jólatengdan söluvarning.

Markaðurinn opnar **14. nóvmember** og verður opin allar helgar fram að jólum og oftar þegar nær dregur jólum.



JÓLASVELLIÐ Á INGÓLFSTORGI

- Svellið verður rekið með stuðning frá Reykjavíkurborg, en NOVA sem hefur rekið svellið sl. 12 ár sagði sig frá verkefninu.
- Verktaki mun sjá um svellið, en farið var í markaðskönnun í október.
- Svellið opnar föstudaginn 20. nóvember og verður opið flest alla daga frá kl. 12.00 - 22.00 fram yfir áramót.
- Hópabóknanir verða í boði fyrir hádegi (skólahópar ofl)
- Aðgangur að svellinu er ókeypis en fólk getur leigt sér skauta fyrir hóflegt verð.



JÓLATRÉSSALA SKÓGRÆKTAR REYKJAVÍKUR

Skógræktarfélag Reykjavíkur verður með sína árlegu jólatréssölu í gróðurhúsinu á Lækjartorgi.

Salan hefst 16. desember og verður opin flesta daga fram að jólum.


Reykjavík

JÓLAVÆTTIR

- Jólavættaleikurinn hefst 2. desember og verða þá allar jólavættirnar búnar að koma sér fyrir á húsveggjum víðs vegar um miðborgina.

- Leikurinn hefur notið vinsælda meðal gesta borgarinnar sem skemmta sér við að þræða götur og torg í leitinni að jólavættunum





VIÐBURÐIR

- Viðburðapottur Jólaborgarinnar úthlutar á milli 25 - 30 styrkjum til listafólks sem mun skemmta gestum og gangandi í miðborginni á aðventunni.


- Kórsöngur, harmonikkutónlist og lúðrablástur mun heyrast um miðborgina og sjá til þess að halda uppi jólastemningunni í miðborginni.



JÓLASKREYTINGA VIÐURKENNINGAR

- veittar eru viðurkenningar til rekstraraðila í miðborginni fyrir fallegar jólaskreytinga.
- Annars vegar er viðurkenning veitt fyrir fallegasta búðargluggann og hins vegar jólalegast heildarútlið.
- Deild borgarhönnunar sér um að velja viðurkenningarhafa sem borgarstjóri veitir eftir miðjan desember.


HÖFÐI FER Í
JÓLABÚNING



MARKAÐSMÁL

- Notað verður “Reykjavík er jólaborgin” í kynningarefni.
- Auglýsum á samfélagsmiðlum, facebook, Instagram og TikTok og reynum að fanga stemninguna.
- Viðburðir eru skráðir í viðburðadagatalið á www.borginokkar.is
- Munum auglýsa á RÚV í samlesnum til að minna á jólamarkaðinn, svellið, jólaköttinn osfrv.
- Birtum í Led skýlum og Billboard.







